

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1243****2022/EES/26/13****frá 19. apríl 2021**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 er þess krafist að vélknúin ökutæki í flokkum M og N séu búin tilteknum háþrúðum ökutækjakerfum, þ.m.t. búnaði sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss. Í II. viðauka hennar er mælt fyrir um grunnkröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í þeim ökutækjum.
- 2) Áfengislásar auka umferðaröryggi með því að koma í veg fyrir að einstaklingar með áfengisstyrkleika í blóði sem fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk aki vélknúnu ökutæki.
- 3) Þörf er á ítarlegum reglum varðandi sértækar kröfur fyrir viðurkenningu ökutækja að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss.
- 4) Í evrópsku staðlaröðinni EN 50436 eru tilgreindar prófunaraðferðir og nauðsynlegar kröfur um afköst áfengislása sem og leiðbeiningar fyrir yfirvöld, þá sem taka ákvarðanir, innkaupsaðila og notendur. Staðlar í þeirri staðlaröð ná einnig yfir sértæk ákvæði sem varða vélknúin ökutæki til að greiða fyrir uppsetningu áfengislása.
- 5) Áfengislásar eru einkum ætlaðir til uppsetningar í ökutæki á eftirmarkaði. Í því skyni eru þeir tengdir við raf- og stýrirásir ökutækisins. Slík uppsetning ætti hvorki að raska eðlilegri frammistöðu né viðhaldi ökutækisins eða draga úr öryggi þess og ætti þar að auki að vera eins einföld og mögulegt er fyrir sérhæfða og þjálfaða aðila sem annast uppsetningu.
- 6) Því er nauðsynlegt að krefjast þess að framleiðendur ökutækja birti skjal á vefsetrum sínum með skýrum leiðbeiningum um uppsetningu áfengislása („uppsetningarskjal“) til að gera tæknimönnum kleift að setja upp áfengislás á réttan hátt í tiltekna gerð ökutækis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022, ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2019, ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1.

- 7) Þar eð hluti upplýsinganna í uppsetningarskjalinu kunna að varða öryggistengda upplýsingaþjónustu um viðgerðir og viðhald ættu þær aðeins að vera aðgengilegar þeim óháðu rekstraraðilum sem löggiltir aðilar hafa viðurkennt í samræmi við 3. viðbæti við X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ⁽²⁾.
- 8) Taflan sem inniheldur skrá yfir kröfur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 inniheldur ekki neinar tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss. Því er nauðsynlegt að setja tilvísun í þessa reglugerð í þeim viðauka.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/2144 til samræmis við það.
- 10) Þar eð reglugerð (ESB) 2019/2144 á að koma til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kröfur fyrir búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss

Gerðarviðurkenning vélknúinna ökutækja, að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss, skal falla undir kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

*I. VIÐAUKI***Tæknilegar kröfur**

1. Búnaður sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss skal gera kleift að setja upp áfengislás eða setja hann upp sem endurbótarhlut sem uppfyllir Evrópustaðlana EN 50436-1:2014 eða EN 50436-2:2014+A1:2015.
2. Kerfi í ökutæki, að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss, í öllum vélknúnum ökutækjum í flokkum M og N skal samrýmast viðeigandi gerð ökutækis, eins og mælt er fyrir um í uppsetningarskjalinu fyrir áfengislás („uppsetningarskjal“), sem samrýmist Evrópustaðlinum EN 50436-7:2016. Í því skyni skal uppsetningarskjalið ná yfir a.m.k. einn af möguleikunum í a-, b- eða c-lið 3. liðar í viðauka C í EN 50436-7:2016. Framleiðanda ökutækisins er heimilt, í samráði við viðurkenningaryfirvaldið og tæknipjónustuna, að leggja fram uppsetningarskjalið sem samrýmist síðari endurskoðunum Evrópustaðalsins.
3. Uppsetningarskjal
 - 3.1. Uppsetningarskjalið skal innihalda ítarlega lýsingu, skýringarmyndir og myndir sem útskýra uppsetningu áfengisláss og skulu einhverjar af eftirfarandi upplýsingum koma fram:
 - a) upplýsingar um straum frá rafgeymi, jarðtengingu, stöðu kveikiláss ökutækis og ræsifærni,
 - b) upplýsingar um straum frá rafgeymi, jarðtengingu, stöðu kveikiláss ökutækis og flags- og frálagslínu sem heimilar eða hindrar ræsi, og valkvæða greiningu á knúningsgetu (t.d. gang hreyfils) eða merki um hreyfingu ökutækis eða
 - c) upplýsingar um straum frá rafgeymi, jarðtengingu og tengingu gagnabrautar.
 - 3.2. Í uppsetningarskjalinu skal auðkenna og tilgreina allan viðbótarhugbúnað, vélbúnað eða verklagsreglur sem eru nauðsynlegar svo hægt sé að setja upp áfengislás í hefðbundnu ökutæki.
 - 3.3. Alla jafna skal áfengislásinn vera í ham sem hindrar gangsetningu. Hindrunarvirki áfengislássins fæst með opnum raflíðaútgang, samsvarandi frálagsmerki eða samsvarandi stafrænum skilaboðum um gagnabraut. Lokun þessa raflíða eða breyting á frálagsmerki sem hindrar gangsetningu yfir í frálagsmerki sem hindrar ekki gangsetningu eða sending samsvarandi skilaboða um gagnabraut sem hindra ekki gangsetningu skal eiga sér stað þegar borist hefur viðurkennt öndunarsýni með áfengisstyrkleika sem er undir fyrirframsettum viðmiðunarmörkum.
 - 3.4. Uppsettur áfengislás skal einungis grípa inn í ræsingarferli hreyfils eða hreyfingu ökutækis fyrir eigin afli þegar aðalstýrirofi ökutækis er virkjaður og skal áfengislásinn hvorki hafa áhrif á hreyfil í gangi né ökutæki á hreyfingu.
4. Aðgangur að upplýsingum um búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss
 - 4.1. Framleiðendur ökutækja skulu koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi og setja verklagsreglur til að tryggja að upplýsingar varðandi búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í ökutæki, í formi viðeigandi upplýsinga í staðlaða uppsetningarskjalinu, séu aðgengilegar í samræmi við X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Þar eð hluti upplýsinganna kunna að varða öryggistengda upplýsingapjónustu varðandi viðgerðir og viðhald ökutækja skal takmarka aðgang að upplýsingum um búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss við óháða rekstraraðila sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. viðbæti við þann viðauka.
5. Framleiðandi ökutækisins skal láta yfirlýsingu fylgja með upplýsingaskjalinu með því að nota sniðmátið sem sett er fram í viðbætinum við þennan viðauka.

Viðbætur

Yfirlýsing framleiðanda

(Framleiðandi):

.....

(Heimilisfang framleiðanda):

.....

vottar hér með að

hann veiti aðgang að *uppsetningarskjalinu fyrir áfengislás* í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 ⁽¹⁾ fyrir eftirfarandi gerð ökutækis og tegund: ...

Aðalveffangið eða -vefföngin, þar sem hægt er að nálgast uppsetningarskjalið fyrir áfengislás, eru tilgreind í viðauka A við þessa yfirlýsingu. Samskiptaupplýsingar ábyrgs fulltrúa framleiðandans, sem hefur undirritað þessa yfirlýsingu, eru settar fram í viðauka B við þessa yfirlýsingu.

Gjört í ... [staður]

Hinn ... [dagsetning]

[Undirskrift] [Staða][]

Viðauki A: veffang eða vefföng

Viðauki B: samskiptaupplýsingar

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjóð. ESB L 272, ..., bls. 11).

II. VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Í stað línunnar fyrir kröfu E1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 kemur eftirfarandi:

„E1 Búnaður sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 (*)		B	B	B	B	B	B							
---	--	--	---	---	---	---	---	---	--	--	--	--	--	--	--

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtið. ESB L 272, ..., bls. 11).“